

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um **146**
 endurborgun á ofgreiddu aðflutningsgjaldi af rauðavini. — Í brjefi dagsettu 8. ágúst 3. des.
 f. á. skýrði hinn páverandi sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá, að Böðvar kaupmaður Þorvaldsson á Skipaskaga hefði krafizt endurgjalds á tolli, er ranglega hefði veriðheimtaður af honum í júnimánuði næst á undan af vínföngum, sem höfðu flutzt til hans frá Bergen með skipinu «Columbus»; hann hefði semsje verið krafinn um og greitt toll af 100 flöskum víns með 45 aurum af flösku hverri kr. 45,00
 í stað þess að hann, með því að vinið á flöskunum var rauðavín, aðeins hefði átt að greiða í toll af því 15 a. af pottinum, eða samtals — 11,25
 og hefði hann því ofborgað kr. 33,75
 Honum hefði samt verið neitað um að fá þessa upphæð endurgoldna vegna þess, að í vottorði því, sem hinn danski konsúll í Bergen hafði ritað á tollskrá áður nefnds skips, hefðu verið tilfærðar 100 flöskur víns, en ekki tilgreint að það væri rauðavín.

Nú hefir fyrnefndur kaupmaður farið þess á leit við mig, að sjer verði endurgoldnar úr landssjóði áminntar kr. 33,75, og með því hann hefir sannað bæði með vöruskrá skipsins Columbusar á umgetinni ferð og með reikningi frá hlutadeigandi vín-sala, að þær 100 flöskur víns, sem tilgreindar voru á tollskránni, höfðu inni að halda rauðavín (St. Julien), þá verð jeg að ætla, að hann hafi við áminnt tækifæri ofborgað í toll af þessum vínföngum kr. 33,75, sem hann því eigi að fá endurgoldnar. Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra sýslumaður, að greiða Böðvari kaupmanni Þorvaldssyni á Skipaskaga kr. 33,75 af aðflutningsgjaldi því, sem þjer hafð innheimt fyrir landssjóð á yfirstandandi ári, og færa þær til útgjalda í aðflutningsgjaldsreikningi yðar með skýrskotun til þessa brjefs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um **147**
 skiptingu Rosmhvalanesshrepps í 2 hreppa. — Með þóknanlegu brjefi 30. október síð- 3. des.
 astliðinn hafð þjer, herra amtmaður, sent hingað útskrift úr sýslunefndarbók Kjósar- og Gullbringusýslu, sem sýnir, að sýslunefndin hefir lagt það til samkvæmt ósk hrepps- nefndarinnar í Rosmhvalanesshreppi í erindi til sýslunefndarinnar, dags. 8. júní þ. á., er einnig fylgdi brjefi yðar, að hreppi þessum verði skipt í 2 sveitarfjelög og hafð þjer jafnframt mælt með því, að jeg samþykki hina eptiræsktu hreppaskipting á þann hátt, er sýslunefndin hefir stungið uppá.

Fyrir því skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Rosmhvalanesshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal skipt í 2 hreppa, þannig að innri hreppurinn nái yfir Keflavík, Leiru, Inn- og Út-Garð allt að landamerkjum milli Útskála og Kirkjubólshverfis og nefnist sá hreppur Rosmhvalanesshreppur, en hinn hreppurinn nái frá greindum landamerkjum suður að syðri landamerkjum Stafness við Ósaboтна og heiti Miðnesshreppur, með þessum landamerkjum: frá Litluflös, er liggur fast sunnan við Garðskagaflös í fjöru beint sem sjónhending ræður eptir fornaldar garðlagi uppí svonefndan Draughól á Skaganum, þaðan að Skálareykjarjett, þaðan sjónhending að Kólku á Háleyti, þaðan að Gömlupúfu sunnantil á Háaleyti, þaðan að Beinhól; þaðan í sjó eptir Djúpavog við Ósaboтна.
2. Öllum eignum, sveitarþyngslum og skuldum hins núverandi Rosmhvalanesshrepps, 31. dag desembermán. 1886.